



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn - 24. janúar 2018

Efni: Víkurskarð 12, umsögn vegna fyrirspurnar, 1801490

Þann 22.01.2018 leggur Friðrik Ólafsson inn erindi fyrir hönd lóðarhafa við Víkurskarð 12. Teikningar dags. 18.12.2017 bárust í tölvupósti. Í þeim pósti var óskað eftir að færa byggingar innan lóðar svo mögulegt verði að koma fyrir bílastæðum fyrir framan húsin á lóðinni. Komið er fyrir svölum á húsinu og fer hluti þeirra út fyrir byggingarreit ásamt hluta húss í suð- austur horni. Í tillögnum er gert ráð fyrir 2 sambærilegum húsum á tveimur hæðum til að nýta landhallann á lóðinni. Gólfkóti efri hæðar heldur sér en gert er ráð fyrir að lyfta neðri hæðarkota um 0,6m.

Á tillögu teikningum má sá útfærslu húsanna, grunnmyndir og þrívíðar myndir.

Tillögurnar uppfylla á margan hátt ekki gildandi skilmála deiliskipulagsins. Sk. skipulagi fellur Víkurskarð undir raðhús sem flokkast frá tvíbýli upp í fjölbýli með 6 íbúðum. Á umræddri lóð er gert ráð fyrir tvíbýli, eins til tveggja hæða. Við Víkurskarð 12 gildir húsið nær götu eru 2 hæðir og hið neðra 1 hæð. Gert er ráð fyrir einhalla þaki með hæðsta punkt til suðurs, en flatt þar sem unnið er með þakgarða. Tvö bílastæði á lóð. Sk. almennum skilmálum skipulagsins er óheimilt að fara út fyrir byggingarreit.

Á þeim teikningum sem fylgja erindinu er of mörg frávik frá gildandi skipulagi.

Í ljósi þess er ekki hægt að fallast á erindið eins og það liggur fyrir nú.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt